

HEIMIR

I. ÁR. WINNIPEG, MAN. 25. ÁGÚST 1904. NR. 2.—3.

Vorsins dís.

Pitt kyssir hár, með knöppum rósa,
á hvelfda mjöðm í sunnanblæ,
og þú ert dísin daga ljósra
úr dagsins hvíta risin sæ.

Hinn kveikta hita kinnar finna;
sem klæði nótt og dögg þig fól,—
En nú um bungur brjósta þinna
sig brennar dropar móti sól.

Þeir ganga' á bál á barmi þínum
við blárra æðna kviku slög,
þeir falla' um þig í loga-línum
um lima þinna mjúku drög.

Og morguns árið andkul leiðir
frá austurdjúpum þér um brár,
En aftanroða-unnin freyðir,
og um þitt gula fellur hár.

Og anda þinn og yl frá munni
eg anda mér á kiñnum finn.

Þín lilja' og rós frá ljóssins brunni
nú litar-blæinn draga sinn.

Hann leitar eftir leiðum nýjum,
og leggur þér um háls og arm,
er vestrið raðar roðaskýum
sem rósaknippi' á himins barm.